

Fundargerð
249. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 13. mars 2018 kl. 12¹⁵ – 13³⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinsson (GGÞ), formaður
Bryndís Skúladóttir (BS)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Ása Hauksdóttir (ÁH), fundarritari.

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raftæki og hjólbarðar
- (3) Rekstraráætlun
- (4) Úrskurður um upplýsingamál
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([248 fundar](#)).

Samþykkt

2. Raftæki og hjólbarðar

ÓK sagði frá hugmyndum um breytta meðhöndlun á litlum raftækjum og endurvinnslu og endurnýtingu á hjólbörðum.

ÓK fór yfir að lítil raftæki fara með ökutækjum og ámóta málmum til endurvinnslufyrirtækis í útlöndum. Upplýsingar um endurvinnslu miðast við heildartölur á móttaknu efni en ekki raftæki sérstaklega. Farið var yfir á fundinum að tilraunasendingar hafa verið til fyrirtækis í Hollandi sem er sérhæft í vinnslu raftækja. Komið hefur í ljós að kostnaðurinn við slíka vinnslu er hærri. Hærri kostnaður liggur fyrst og fremst í hærri kostnaði við gámaflutning borið saman við flutning með „bulk skipum“.

Hjólbarðar eru tættir og sendir til Sorpu sem byggingarefni á urðunarstaðnum í Álfnesi. Tættir hjólbarðar eru m.a. notaðir sem drenlag og telst vera endurnýting. Tilraunasendingar af tættum hjólbörðum hafa verið sendar til fyrirtækis í Hollandi til endurvinnslu/endurnýtingu. Kostnaður er hærri við endurvinnslu en við nýtingu á urðunarstað Sorpu í Álfnesi vegna hærri flutningskostnaðar. Móttökugjöld eru hins vegar lægri.

Á fundinum var lagt fram minnisblað um framangreinda vinnslu lítilla raftækja.

Stjórnarmenn ræddu þessar mismunandi ráðstöfunarleiðir annars vegar og misháan kostnað við þær hins vegar.



3. Rekstraráætlun

ÓK fór yfir rekstur vöruflokka fyrir rekstrarárið 2017 samaborðið við rekstur 2016 og áætlun um rekstur 2017. Yfirferð yfir rekstraráætlun 2018 – 2020 frestað til næsta fundar.

4. Úrskurður um upplýsingamál

Lagt var fram á fundinum úrskurður Úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Niðurstaða nefndarinnar er að staðfesta ákvörðun Úrvinnslusjóðs um synjun á beiðni kæranda um aðgang að umbeðnum upplýsingum.

ÓK fór yfir að beiðni um aðgang að félagatali RR-skila fyrir árin 2009, 2011, 2012 og 2013 er vísað til Úrvinnslusjóðs til nýrrar meðferðar og afgreiðslu. Umhverfisstofnun hélt utan um félagatali RR-skila og Samskila á vef stofnunarinnar. Úrvinnslusjóður hefur óskað eftir afriti af félagatali fyrir umrædd ár.

5. Önnur mál

Lögð var fram á fundinum ósk um stuðning við umhverfisverkefni í tengslum við endurnotkun raftækja. Ákveðið var að afgreiða þetta mál á næsta fundi en jafnframt að sjóðurinn þurfi að marka sér stefnu varðandi styrki almennt.

Næsti fundur ákveðinn 27. mars 2017.

Fundi slitið kl. 13.30

Bryndis Skutulsdóttir
G. G. P.
B. Jónasson